



Sigurbjörg Andrésdóttir

Fædd 27. mars 1933 - Dáin 27. apríl 2023

Kristinn Björnsson

Fæddur 15. júní 1929 - Dáinn 08. maí 2023

Útför frá Akureyrarkirkju föstudaginn 12. maí kl. 10:00

Jarðsett verður í kirkjugarðinum á Naustahöfða

Förspil

Ave Maria

Franz Schubert



Signing og bæn



Hærra, minn Guð, til þín

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.

Hljóma skal harpan mín:
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.

Hljómi svo harpan mín:
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:
hærra til þín.

Lowell Mason - Adams - Matthías Jochumsson

Ritningarlestur



Ást

Sólin brennir nóttina og nóttin slökkvir dag,
þú ert athvarf mitt fyrir og eftir sólarlag.
Þú ert yndið mitt áður og eftir að dagur rís,
svölun í sumarsins eldi og sólbráð á vetrarins ís.

Svali á sumardögum og sólskin um vetrarnótt,
þögn í seiðandi solli og söngur ef allt er hljótt.
Söngur í þöglum skógum og þögn í borganna dyn,
þú gafst mér jörðina og grasið og Guð á himnum að vin.

Þú gafst mér skýin og fjöllin og Guð til að styrkja mig
ég fann ei hvað lífið var fagurt fyrr en ég elskaði þig.
Ég fæddist til ljóssins og lífsins er lærði ég að unna þér
og ást mín fær ekki fölnað fyrr en með sjálfri mér.

Aldir og andartök hrynja með undursamlegum nið,
það er ekkert í heiminum öllum nema eilífðin Guð og við.

Þú gafst mér skýin og fjöllin og Guð til að styrkja mig
ég fann ei hvað lífið var fagurt fyrr en ég elskaði þig.
Ég fæddist til ljóssins og lífsins er lærði ég að unna þér
og ást mín fær ekki fölnað fyrr en með sjálfri mér.

Magnús Þór Sigmundsson - Sigurður Nordal

Ritningarlestur



Liljan

Ég leit eina lilju í holti,
hún lifði hjá steinum á mel.
Svo blíð og svo björt og svo auðmjúk
- en blettinn sinn prýddi hún vel.
Ég veit það er úti um engin
mörg önnur sem glitrar og skín.
Ég þræti ekki um litinn né ljómann
en liljan í holtinu er mín!

∴ Þessi lilja er mín lifandi trú ∴;
Hún er ljós mitt og von mín og yndi.
Þessi lilja er mín lifandi trú!

Og þó að í vindinum visni,
á völlum og engjum hvert blóm.
Og haustvindar blási um heiðar,
með hörðum og deyðandi róm.
Og veturinn komi með kulda
og klaka og hriðar og snjó.
Hún lifir í hug mér sú lilja
og líf hennar veitir mér fró.

Norskt alþýðulag - Þorsteinn Gíslason

Ritningarlestur



Hamraborgin

Hamraborgin
rís há og fögur
og minnir á ástir
og álfasögur.
Á hamarinn bláa
og bergið háa
sló bjarma lengi.
Þar er sungið
á silfurstrengi.

Og meðan djákna
til messu hringja,
opnast bergið
og álfar syngja.
Strengir titra,
og steinar glitra
í stjörnusalnum.
Friður ríkir
í ffalladalnum.

Úr byggð er sveinninn
í bergið seiddur,
af álfadætrum
í dansinn leiddur.
Hann hlær og grætur
og heillast lætur
af huldumáli.
Bergið lokast
sem brúðarskáli.

Og svo er drukkið
og dansinn stiginn,
unz syrtir að kveldi
og sól er hnigin.
Í hamrinum bláa
og berginu háa
er blundað á rósum.
Nóttin logar
af norðurljósum.

Davíð Stefánsson

Guðspjall



Rósin

Undir háu hamrabelti
höfði drúpir lítil rós,
þráir lífsins vængjaviddir,
vorsins yl og sólarljós.
Ég held ég skynji hug þinn allan,
hjartasláttinn, rósin mín,
er kristaltærir daggardropar
drjúpa milt á blöðin þín.

Æsku minnar leiðir lágu
lengi vel um þennan stað,
krjúpa niður, kyssa blómið,
hversu dýrðlegt fannst mér það.
Finna hjá þér ást og unað,
yndislega rósin mín.
Eitt er það sem aldrei gleymist,
aldrei, það er minning þín.

Friðrik Jónsson - Guðmundur G. Halldórsson

Minnningarorð



Í bljúgri bæn

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð, leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

Amerískt þjóðlag - Pétur Þórarinsson

Bæn



Blakkur

Ég vaknaði fyrir viku síðan,
er vetrarnóttin ríkti hljóð
og sá þá standa Blakk minn brúna
í bleikri þorramánans glóð.
Svo reisti hann allt í einu höfuð
með opinn flipann og gneggjaði hátt
og tók síðan stökk með strok í augum
og stefndi heim í norðurátt.

Sú leið er erfið, gamli garpur,
þú getur ei sigrað þau reginfjöll,
þó stælt sé þín bringa og fætur fimir,
þín frægðasaga er nú öll.
Á grýttum mel þar sem geisar stormur
með grimmdarfrost og hríðarkóf,
ég sé hvar þú liggur klárinn karski
með klakaðar nasir og sprunginn hóf.

Þú skildir mig einan eftir, Blakkur,
því enginn vinur nú dvelst mér hjá,
og enginn hlusta á mitt elliraus
um æskustöðvarnar norðurfrá.
En í mínu brjósti býr eirðarleysi,
eykur og magnar sína glóð.
Mitt úlfgráa höfuð hátt ég reisi
og held í norður í þína slóð.

Amerískt þjóðlag - Jónas Árnason

Faðir vor



Sveitin mín

Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga!
Engið, fjöllin, áin þín
- yndislega sveitin mín! -
heilla mig og heim til sín
huga minn úr fjarlægð draga.
Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga!

Yndislega ættarjörð,
ástarkveðju heyr þú mína,
- þakkarklökkva kveðjugjörð.
Kveð ég líf þitt, móðir jörð!
Móðir, bæði mild og hörð,
mig þú tak í arma þína.
Yndislega ættarjörð,
ástarkveðju heyr þú mína.

Bjarni Þorsteinsson - Sigurður Jónsson frá Arnarvatni



Moldun



Allt eins og blómstrið eina

Allt eins og blómstrið eina
 upp vex á sléttri grund
 fagurt með frjógvun hreina
 fyrst um dags morgunstund,
 á snöggu augabragði
 af skorið verður fljótt,
 lit og blöð niður lagði -
 líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
 í Jesú nafni' eg dey,
 þó heilsa' og líf mér hafni,
 hræðist ég dauðann ei.
 Dauði, ég óttast eigi
 afl þitt né valdið gilt,
 í Kristi krafti' eg segi:
 Kom þú sáll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

Blessun



Útgöngulag

Smávinir fagrir

Jón Nordal - Jónas Hallgrímsson



Prestur: Séra Svavar A. Jónsson

Organisti: Eyþór Ingi Jónsson

Söngur: Óskar Pétursson, Ívar Helgason,
Anna Kristín Auðbjörnsdóttir og Þór Sigurðsson

*Fjölskylda þeirra hjóna þakkar auðsýnda samúð og hlýhug.
Að lokinni athöfn er viðstöddum boðið að þiggja veitingar í Hlíðarbæ.*